

## UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNA

Úrvinnslusjóður skapar hagræna hvata sem stuðla að hringrásarhagkerfi, með áherslu á verðmætasköpun og umbreytingu úrgangs í hráefni. Meginverkefni sjóðsins er að draga úr soun með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnotkun, sem og að stuðla að bættri meðhöndlun úrgangs með endurvinnslu og annarri endurnýtingu.

Gildi sjóðsins eru framþróun, samvinna og gæði.

Umhverfis- og loftslagsstefnan er sett í samræmi við 5. gr. c. í lögum nr. 70/2012. Í stefnunni birtist vilji Úrvinnslusjóðs til að leggja sitt af mörkum til umhverfis- og loftslagsmála, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi og vinna að því að markmiðum Parísarsamkomulagsins og skuldbindingum Íslands um árangur í loftslagsmálum sé náð.

Stefnan tekur til kolefnislosunar og umhverfisáhrifa frá starfsemi skrifstofu Úrvinnslusjóðs, einkum vegna samgangna og annarrar jarðefnaolíunotkunar, orkunotkunar, rekstrar, innkaupa, framkvæmda og úrgangsmýndunar. Stefnan tekur hvorki til kolefnislosunar og umhverfisáhrifa frá starfsemi birgja, þjónustuaðila og annarra samningsaðila Úrvinnslusjóðs, né til áhrifa af meðhöndlun þess úrgangs sem hlutverk sjóðsins snýr að samkvæmt lögum.

### Stefna:

1. Markvisst er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri skrifstofu Úrvinnslusjóðs. Þegar ekki er unnt að draga frekar úr losun er eftirstandandi losun kolefnisjöfnuð eftir viðurkenndum aðferðum.
2. Græn skref verða innleidd að fullu á skrifstofunni, ásamt viðeigandi aðgerðum.
3. Samgöngusamningar standa starfsfólki til boða og er hvatt til nýtingar þeirra.
4. Fjarfundir eru nýttir þegar við á, ásamt því að starfsfólk getur unnið í fjarvinnu eins og starfsemi og aðstæður bjóða. Hvatt er til fjarvinnu einn dag í viku.
5. Gætt er að orkunotkun í húsakynnum sjóðsins eins og kostur er, bæði rafmagns- og heitavatns. Tæknilausnir eru nýttar til orkusparnaðar.
6. Leitast er við að draga úr magni úrgangs og hámarka endurvinnslumöguleika með rétttri flokkun.
7. Í innkaupum er horft til umhverfissjónarmiða með vísan í Græn skref.
8. Fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál er hluti af nýliðafræðslu og reglulegri fræðslu starfsfólks. Starfsfólk er hvatt til þátttöku í umhverfisstarfi.
9. Úrvinnslusjóður stuðlar að aukinni umhverfisvitund í samfélaginu með fræðslu og upplýsingamiðlun í samræmi við stefnumörkun þar að lútandi.

Til að tryggja að stefnan nái fram að ganga skal gera aðgerðaráætlun til fimm ára í senn þar sem sértæk og mælanleg markmið eru skilgreind ásamt leiðum að þeim. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni áætlunarinnar í samvinnu við skrifstofustjóra, sem er umsjónarmaður Grænna skrefa og græns bókhalds. Árangursmælingar eru á ábyrgð verkefnisstjóra þróunar og eftirfylgni. Upplýsingum um árangur gagnvart settum markmiðum er miðlað á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.

Stefnan skal yfirfarin og endurskoðuð á tveggja ára fresti eða oftár ef aðstæður krefjast.

Samþykkt af stjórn Úrvinnslusjóðs 18. desember 2024